


Bekkjarnámskrá
Grunnskóla Hornafjarðar
2019- 2021



7. bekkur

Efnisyfirlit

Lykilhæfni	3
Íslenska	4
Stærðfræði	12
Samfélagsgreinar	16
Landafræði	20
Saga	20
Lífsleikni	21
Náttúrufræði	22
Erlend tungumál	24
Enska	24
Danska	27
List- og verkgreinar	29
Leiklist	29
Heimilisfræði	31
Hönnun og smíði	32
Textílmennt	33
Sjónlistir- Myndmennt	34
Upplýsinga- og tæknimennt - Nýsköpun og tölvur	35
Skólaíþróttir og sund	39
Íþróttir	39
Sund	40

Lykilhæfni

Lykilhæfni skiptist í sex þætti, fimm eru lagðir til í Aðalnámskrá en þann sjötta leggur skólinn til í tengslum við uppeldi til ábyrgðar. Mikil áhersla er lögð á að vinna með lykilhæfnina og að matið á henni fari fram í nánu samstarfi nemenda, foreldra og kennara. Lykilhæfnipættirnir eru skilgreindir á hverju skólastigi fyrir sig og þannig gerðir aðgengilegir fyrir foreldra og nemendur. Lykilhæfnin felst ekki einungis í frammistöðu í tímum heldur einnig því hvernig nemendur standa sig í skólanum almennt, í félagslífi, frímínútum o.s.frv. Lykilhæfni þættirnir eru þessir:

Lyki lhæf ni	Ábyrgð og mat á eigin námi	Tjáning og miðlun	Sjálfstæði og samvinna	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Nýting miðla og upplýsinga	Dugnaður og þrautseigja
Skilgreining	Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Það gerir hann með því að: Það gerir hann með því að:	Hæfni nemanda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. Það gerir hann með því að:	Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Það gerir hann með því að:	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu. Það gerir hann með því að:	Hæfni nemanda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnni hátt. Það gerir hann með því að:	Nemandi sýnir dugnað og þrautseigju með því að:
Dæmi um markmið í 7. bekk	<ul style="list-style-type: none"> Fylgja fyrirmælum. Meta stöðu sína. Setja sér markmið. 	<ul style="list-style-type: none"> Hlusta á aðra. Tjá sig skilmerkilega. Geta fært rök fyrir máli sínu. 	<ul style="list-style-type: none"> Sýna kurteisi og jákvæðni í samskiptum. Legga sitt af mörkum í hópastarfi Reyna sjálfur að leysa verkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> Sýna frumkvæði. Vera skapandi við vinnu og lausn verkefna. Vera gagnrýnni við vinnu og lausn verkefna. 	<ul style="list-style-type: none"> Afla sér upplýsinga með gagnrýnum hætti. Nýta sér mismunandi miðla. Geta unnið úr upplýsingum og miðlað þeim. 	<ul style="list-style-type: none"> Nýta tímann vel. Gefast ekki upp þótt verkefni séu krefjandi. Nálgast verkefni með jákvæðu hugarfari. Leita lausna.

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni eru: A= Gerir sitt allra besta. B= Gerir vel. C= Leggur sig pokkalega fram. D= Leggur sig lítið fram

Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf mynda þann fyrsta, síðan lestur og bókmenntir, þá ritun og að síðustu málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

Markmið er að nemandi:

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- geti tjáð eigni skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- geti nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnnin hátt
- geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

Lestur og bókmenntir

Markmið er að nemandi:

- lesi texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmennta-fræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju
- taki þátt í Stóru upplestrarkeppninni og öðlist færni í upplestri

Ritun

Markmið er að nemandi:

- geti skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hafir tilefni
- samið texta þar sem beitt er sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim
- lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda
- skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu

Málfræði

Markmið er að nemandi:

- geti gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það
- geti notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun
- nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
- notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins
- beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað
- nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta
- gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu
- æfist í að yfirfæra málfræðiþekkingu sína og noti sér hana í tungumálanámi.

Leiðir

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og mikilvægi heildstæðs íslenskunáms þar sem hver þáttur námsins styrkir við aðra þætti. Með fjölbreyttum kennsluháttum er m.a. átt við innlagnir, umraður, þemavinnu, söguramma, hópstarf, einstaklingsvinnu, verkefnavinnu og fleira. Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að taka mið af þeim hæfiviðmiðum sem stefnt er að og einnig þeirri skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska.

Lestraráætlun fyrir 7. bekk

Viðmiðmið um árangur eru **120-190 orð á mínútu** við lok skólaárs.

	Hvað	Hverjir	Viðbót	Tímabil	Mat	Markmið
Allir	Lesa heima og í skóla daglega	Umsjónarkennari Foreldrar	Lestrarvinir Stuðningsfulltrúi	25. ág . – 1. júní	<u>Lesfimi:</u> A-próf í september og maí. B-próf í janúar. Matsrammi fyrir lestrarlag, MMS	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði
Allir	Yndislestur	Umsjónarkennari		25. ág. – 1. júní	Lestrarmiði -	Auka ánægju af lestri, leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Samlestur	Umsjónarkennari		25.ág – 1. júní		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Pals	Umsjónarkennari	Notað í öðrum fögum líka	Frá jan - mars	Lesskilningspróf í nóv og maí - Orðarún	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði.
Allir	Lestrarkassinn	Umsjónarkennari		15.-30. jan.	Raddlestrarpróf	Auka leshraða og skilning
Allir	Lestrarátak (tvær vikur)	Umsjónarkennari		19.-30. okt 5. – 20. apríl. Sameiginlega í bæði skiptin.	Raddlestrarpróf	Auka leshraða og skilning
Allir	Framsögn Legóverkefnið og stóra upplestrarkeppnin.	Umsjónarkennari/ kennarar		25.ág – 1. júní	Matsblöð á malbjorg.is Framsögn í kynningum verkefna. (Legó, Trúabragðafræði) videoblogg	Efla færni nemenda í að lesa upphátt –

						Tjáning og miðlun
Allir	Hugtök	Allir kennrar	Gera hugtök sýnileg í skólastofunni	25. ág. – 1. júní	Námsmat almennt	Efla málskilning og orðaforða

7.bekkur – vinna með lesskilning

	Hvað	Hverjir	Tímabil	Mat
Allir	Hlustunar og lesskilningur (sögukort bls.99-100) Að greina aðalatriði (140-152).	Allir kennrar	Allt skólaárið	Umræður, endursögn, úrdráttur, forspá, ályktunarhæfni, beinar og opnar spurningar
Allir	Orðavinna (bls.123-126)	Allir kennrar	Allt skólaárið	Virkni og þátttaka
Allir	„Ekki finnast svör við öllum spurningum“ (bls.137-138)	Allir kennrar	Allt skólaárið	Virkni og þátttaka
Allir	Spurningavefur (bls. 139-140)	Allir kennrar	Allt skólaárið	Verkefni/kort
Allir	Að lesa, skrifa og spjall (bls. 129-131)	Allir kennrar	Allt skólaárið	Virkni og þátttaka

Grunnskóli Hornafjarðar 2019 - 2021

Allir	Kann – vill vita – hef lært (bls.186-195)	Allir kennrarar	Allt skólaárið	Verkefnablöð/bækur, virkni, þátttaka
Allir	Orðavefir (bls. 152-162)	Allir kennrarar	Allt skólaárið	Verkefnablöð/bækur, virkni, þátttaka

Blaðsíðutöl vísa til bókarinnar Eflum lesskilning eftir Bergljótum Vilhelmínu Jónsdóttur.

Ritun í 7. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 7. bekk.

Uppsetning, skrift og frágangur

- Vera með spássíur
- Læsileg skrift
- Áhersla á réttritun
- Hafa lágstafi og hástafi í réttum hlutföllum og á réttum stöðum
- Kunna að nota greinamerki á réttan hátt
- Nýti sér notkun heimilda á réttan hátt
- 6 víddir + 1 (framsetning)

Upphaf og endir

- Frásögnin hafi titil.
- Upphaf: Persónur, staðsetning og/eða efni kynnt
- Gott er að nota h-in þrjú, hvenær, hverjir, hvar.
- Hvernig endar frásögnin
- Hvernig leysast málín
- Lokaorð: Rökréttur endir

Málfar og stíll (frásögn)

- Fjölbreyttur orðaforði
- Vandað málfar
- Halda sig við sömu tíð
- Talmál/ritmál
- Réttar beygingar
- Halda sig við sama sjónarhorn (sömu persónu)
- Nota rétta orðaröð, setningaskipan, lengd setninga/málgreina
- Lipur frásögn og lýtalaust mál
- Bygging setninga rétt
- Skipting í málgreinar
- Þjálfist í að nota beina og óbeina ræðu á réttan hátt
- 6 víddir + 1 (orðaval) = málfar

Viðfangsefni og uppbygging

- Frásögn er rétt uppbyggð með upphafi, meginmáli og lokaorðum
- Meginmál: vel skipulagt, atburðarás eðlileg, gott flæði, augljós orsök og afleiðing
- Lipur frásögn og lýtalaust mál
- 6 víddir + 1 (setningaflæði og rithefðir)
- 6 víddir + 1 (skipulag og rödd) = bygging

Námsmat

- Að nemendur fái markvissa endurgjöf á verk sín með mismunandi áherslum í hvert sinn
- Jafningjamat
- Gátlistar
- Símat

Eftirtaldir fjórir þættir alltaf metnir í ritun en vægi hvers þáttar mismunandi eftir ritunarverkefnum:

- Uppsetning, skrift og frágangur
- Byrjun og endir
- Málfar og stíll
- Viðfangsefni

Viðmið í lok 7. bekkjar

Að nemendur geti skrifað læsilegan texta sem byggir á þeim markmiðum sem sett hafa verið hér að ofan.

Að nemendur geti skrifað að lágmarki 160 orða samfellda frásögn, ljóð eða annað sem er snyrtilega uppsett með stórum stöfum á viðeigandi stöðum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra. Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrliga og segja skipulega frá t.d. þegar þeir kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum. Að nemendum sé gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim. Nemendur æfi sig í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum og sýna flytjendum tillitsemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans. Einnig verða lögð fyrir nemendur hlustunarverkefni sem reyna á athygli og getu þeirra til að draga ályktanir.

Lestur og bókmenntir

Áfram er lögð mikil áhersla á að auka lestrarhraða og lesskilning. Nemendur lesa á hverjum degi, bæði í skólanum og heima. Nemandi getur valið sér bók á bókasafni eða komið með að heiman. Yndislestur tengist þessum bókum þá les nemendur í hljóði í 10-15 mín. Unnið markvisst með gagnvirkan lestur, hugtakakort, bergmálslestur, kórlestur, vinalestur, lesfimi, orðaforða og lesskilning.

Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur hafa greiðan aðgang að bókum við sitt hæfi í skólastofunni sem þeir geta skoðað og lesið. Nemendur fá tækifæri til að velja sér bækur á bókasafninu til að lesa í heima eða í skólanum.

Nemendur vinna á fjölbreyttan hátt með ljóð og semja einnig sín eigin ljóð. Unnið er með ýmsar sögugerðir t.d. þjóðsögur og ævintýri bæði sem tengjast Hornafirði og önnur

þar sem nemendur geta endursagt sögurnar í máli og myndum. Nemendur læra um uppbyggingu frásagna þ.e. upphaf, miðju og endi.

Lesnar eru a.m.k. tvær bækur sameiginlega yfir veturinn, ein að hausti og önnur að vori. Nemendur vinna ritgerð eða verkefni í tengslum við bækurnar. Hægt er t.d. að kennari skipti köflunum á nemendur og hver nemandi þarf að segja frá sínum kafla/köflum og nemendur meta frammistöðu samnemenda sinna (jafningjamat).

Lestrarátök eru tvö yfir veturinn, eitt að hausti og vori. Lestrarátökin eru miðuð við hæfi hvers og eins.

Stóra upplestrarkeppnin: Lokahátið stóru upplestrarkeppninnar er haldin í mars og hefst undirbúningur fyrir keppnina fyrir áramót. Allir nemendur lesa upphátt og taka þátt í keppninni.

Heimalestur: Samkvæmt lestrarstefnu Grunnskóla Hornafjarðar eiga nemendur að lesa heima daglega í a.m.k. 10-15 mínútur upphátt og í hljóði. Nemendur í 7. bekk eiga að geta lesið 120 - 190 orð á mínútu. Foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir heimalesturinn á þar til gerð blöð.

Lestur í skóla: Fylgt eftir áætlun um LTÁ þar sem nemendur sem ekki hafa náð 120 orðum í lestri lesi daglega upphátt í skólanum en nægilegt að aðrir lesi í hljóði.

Mikilvægt er að viðhalda þessum leshraða með góðri æfingu. Allar mælingar sýna að nemendum hrakar í lestri ef engin er æfingin.

Ritun

Nemendur skrifa eftir forskrift og vanda vinnubrögð sín. Áhersla er lögð á ritun frásagna og skapandi sögugerð þar sem nemendur fá þjálfun í að tjá hugsanir sínar og segja frá atburðum úr eigin lífi og öðrum atburðum í skrifuðu máli. Nemendur lesa sögur og þurfa að skrifa ritun út frá efni sögunnar. Í lok skólaárs er stefnt að því að nemendur geti skrifað 200-250 orða sögu og sagt skipulega frá með áherslu á upphaf, miðju og endi. Lögð er áhersla á réttritun og helstu stafsetningarreglur þjálfaðar með greinamerkjasetningu. Einnig verða ritunarverkefni unnin í tölvu.

Ljóð

Kynnt er fyrir nemendum ljóðagerð og helstu braghættir. Vinnan felst í að nemendur semja og heyra ljóð eftir ýmsa höfunda.

Málfræði

Málfræði á eftir fremsta megni að vera tengd öðrum þáttum íslenskunáms. Lögð er áhersla á fjölbreytta verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.

Námsmat

Nemendum er gerð grein fyrir í upphafi hverrar annar hver markmiðin eru og hvernig skal meta þau. Ýmist er um hefðbundin próf að ræða eða fjölbreytt verkefnaskil, verkefnabækur, símat, munnleg próf, jafningjamat, sjálfsmat o.fl.

Samræmd próf eru lögð fyrir í september. Leshraðapróf eru þrisvar yfir árið einnig er Orðarún – lesskilningsverkefni lagt fyrir þrisvar yfir veturinn, Orðarún 1 í lok haustannar, Orðarún 2 í lok vetrarannar og Orðarún 1 aftur í lok vorannar.

Lestrarviðmið: Í 7. bekk ætti nemandi að geta lesið 120 – 190 orð á mínútu.

Tillögur að námsefni

Grunnefni

- Mál er miðill, Grunnbók og vinnubók
- Málrækt 3
- Orðspor 3, lesbók og vinnubók (allir þættir íslensku)
- Töfraskinna (bókmennitir og ljóð)
- Smellur 3 (lesskilningur)
- Steindýrin, höfundur Gunnar Theodór Eggertsson (kjörbók)
- Margt býr í myrkrinu, höfundur Þorgrímur Þráinsson (kjörbók)
- Trunt, trunt og tröllin, íslenskar þjóðsögur og ævintýri
- Skrift 7
- Skrudda 1 og 2
- Ljóðspor
- Grænkápa og verkefni
- Stafsetning eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson
- Vandamálið – minnsta málið, (lesbók, vinnubók 1 og 2)
- Heimalestrarbækur
- Vísnaverkefni eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson

Ítarefni

- Ritunarbókin
- Ritbjörg
- Skrifað í skrefum- ferilsritun
- Stafur á bók eftir Rósu Eggerts dóttur
- Hlusta, sjá og skrifa, hugmyndabæklingur um stafsetningarkennslu
- Góður betri bestur skriftarefní
- Ljóðagerð með börnum
-

Vefefni

- <http://www.mms.is>
- <http://www.skolavefurinn.is>
- <http://www.123skoli.is>

Smáforrit

- Bitsboard, Book creator,

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrír flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild (Aðalnámskrá grunnskóla bls. 210).

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta,
- leyst stærðfræðiþrautir/orðadæmi um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu,
- sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,
- sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemadir sem settar eru fram af öðrum.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- notað óformlega framsetningu (myndmál, frásögn, texta) annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra,
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur og túlkað milli táknmáls og daglegs máls,
- sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna,
- valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnarleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölu, texta og teikningum,
- rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni,
- lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir,
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu um stærðfræði,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda,
- þekkt með helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samféluginum, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn,
- áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.

Tölur og reikningur

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman,
- gert grein fyrir uppbyggingu tugakerfisins og sætisgildi talna. Unnið með stórar tölur s.s. milljón og milljarð,
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta,
- reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tolum,
- útskýrt hvað átt er við með hugtakinu „gengur upp í“,
- útskýrt hvað hugtakið þversumma merkir,
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tolum sem byggja á eigin skilningi,
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuorritum og skriflegum útreikningum,
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum,
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu,
- útskýrt orðið hlutfall í samanburði og reiknað einfaldar myndir í ákveðnum hlutföllum.

Algebra

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tolum, myndum, orðum og átáknmáli algebrunnar,
- skráð einföld orðadæmi sem jöfnur,
- notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum,
- fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.

Rúmfræði og mælingar

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði,
- teiknað og lýst einkennum marghyrninganna: þríhyrninga, ferningur, ferhyrningur, rétthyrningur, samsíðungur trapisa, fimmhyrninga, sexhyrninga og átthyrninga,
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form og teiknað einfaldar flatar- og þrívídarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn,
- notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það,
- fundið hornasummu og flatarmál marghyrninga út frá þríhyrningum,

- fundið rúmmál réttstrendings,
- reiknað flatarmál og ummál reglulegra og óreglulegra ferhyrninga þríhyrninga og samsíðunga,
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum,
- mælt og teiknað horn að næstu heilu gráðu,
- breytt á milli lítrakerfisins og rúmmálskerfisins,
- rannsakað og gert tilraunir í rúmfraði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,
- notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfraðileg verkefni,
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.

Tölfraði og líkindi

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum,
- notað hugtök um tíðni, meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi, hæsta gildi, lægsta gildi,
- gert einfaldar tölfraðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim,
- sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum,
- dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur,
- áttað sig á því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur,
- reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

Leiðir

Í stærðfræðináminu er mikilvægt að viðhafa fjölbreyttar kennsluaðferðir. Áhersla er á að nemendur öðlist hæfni í stærðfræði og að þeim séu skapaðar aðstæður til merkingarbærs stærðfræðináms. Þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í námi sínu t.d. með rannsóknum sem tengjast þeirra eigin daglega lífi og umhverfi. Þannig verða viðfangsefnin verðug og áhugaverð fyrir nemendur og þeir geta átt samskipti um stærðfræði. Með þessu fá nemendur tækifæri til þess að nota þá þekkingu sem þeir búa yfir og þróa með sér dýpri skilning á stærðfræðinni. Nemendur vinna ýmist einir eða saman og taka tillit hver til annars. Áhersla er lögð á nákvæmni þannig að hver og einn geti gert grein fyrir aðferðum sínum við lausn verkefna og þrauta, skráð lausnarferlið á skipulegan hátt og fært munnlega rök fyrir máli sínu. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til þess að vinna að verkefnum sem hæfa hans getu og að þeim hæfniviðmiðum sem henta honum enda þó að námpættirnir séu þeir sömu innan nemendahópsins. Þannig er stuðlað að einstaklingsmiðun í stærðfræðikennslunni.

Á miðstigi er auk þess lögð áhersla á að nemendur efli með sér hugarreikning og þjálfist í reikniðaðgerðum og læri margföldunartöflurnar utanbókar. Einnig er lögð áhersla á

að nemendur fái tækifæri til þess að nýta sér tölvutækni til þess að leysa verkefni og efla þar með skilning sinn á stærðfræðinni.

Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er órjúfanlegur þáttur frá námi og kennslu í stærðfræði. Það er afar mikilvægt að fylgjast með hvernig nemendum tekst að ná þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram hverju sinni og í framhaldi af því að leiðbeina nemendum um áframhaldandi nám.

Í upphafi hverrar eru sett fram hæfniviðmið og vægi námsþátta sem unnið verður að á önninni, þannig ætti nemendum að vera fullljóst að hverju beri að stefna, hvað verði mælt og hvernig verði metið.

Áhersla er lögð á fjölbreytni í námsmati þar sem notast er við munleg, verkleg og skrifleg verkefni, sjálfsmat, einstaklingsverkefni, hópverkefni, próf o.fl.

7. bekkur

Samræmt könnunarpróf í stærðfræði er lagt fyrir í september ár hvert og eru niðurstöður sendar forráðamönnum nemenda og skóla.

Tillögur að námsefni

Grunnnefni	Stika 3a nemendabók og æfingahefti Stika 3b nemendabók og æfingahefti
Ítarefni	Geisli 3 Geisli vinnuhefti 3A Geisli vinnuhefti 3B Verkefnablöð með Geisla Hringur 3 algebra Hringur 3 mælingar Hringur 3 prósentur og hlutföll Jöklar - þemahefti Rökfræði - þemahefti Siglingar – þemahefti Stjörnubækur Ýmis hefti með dænum og þrautum
Vefefni og forrit	https://mms.is/

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla hafa greinar verið settar saman og í stað þess að ræða um sögu, landafræði, lífsleikni o.s.frv. hafa verið sett upp hæfniviðmið sem vinna á með nemendum út frá því sem talið er mikilvægast fyrir þá að tekið verði fyrir.

Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrennt og markast skiptingin af því hvert viðfangsefni markmiðanna er en viðfangsefnin eru reynsluheimur nemenda,

hugarheimur og félagsheimur. Megnið af hæfniviðmiðunum í hugarheiminum og félagsheiminum eru þess eðlis að unnið er með þau öll á hverju ári í 5. – 7. bekk og einnig hluta af reynsluheiminum. Því er tekist á við mörg hæfniviðmið á hverju ári en þar sem vinna í samfélagsgreinum snýst að miklu leyti um að vinna með viðhorf nemenda þá er mikilvægt að vinna oft með sama hlutinn, fremur en ræða hann einu sinni eða tvisvar og telja hann síðan afgreiddan.

Félagsheimur: Samskipti

Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífsháttar,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt,
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,
- tekið þátt í samræðum um stöðu sína sem þátttakandi í samféluginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samféluginu og rætt áhrif staðalímynda
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt,
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Hugarheimur: Sjálfsmynd

Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menning,
- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,
- áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótað og breytast,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,
- vegið og metið áhrif fyrirmynnda og staðalímynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,

- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,
- tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti,
- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þyðingu þess,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tínum,
- sett sér markmið og gert áetlanir við fjölbreytt viðfangsefni.

Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning

Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta,
- lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður,
- áttað sig á hvernig lofslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði,
- lýst með dænum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi,
- gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar,
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga,
- skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú,
- gert grein fyrir einkunnum og stöðum Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa,
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum,
- notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni,
- rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,
- metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,
- velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótask af, svo sem umhverfi samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum,
- lýst einkunnum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,
- dregið upp mynd af afmörkuðum efnispáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,
- greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,
- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,
- gert grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra,
- lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagsháttu,
- gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélagini,

- lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga,
- sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,
- séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni,
- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,
- lýst margbreyleika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks
- rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett samhengi við atburði daglegs lífs,
- gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, síðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims,
- borið saman valin trúar- og lífsviðhorf,
- nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög,
- borið kennsl á trúarlega vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum,

Leiðir

Samfélagsgreinar eru oft sampættar bæði náttúrufræði og íslensku. Einnig er reiknað með að kennsla á tæknibúnað s.s. spjaldtölvur og tölvur fari fram í samfélagsfræditínum því að snjalltæki og önnur tækni er mikið notuð í kennslu greinanna.

Lögð er áhersla á hópvinnu en með henni má nálgast ýmis markmið samfélagsgreina í gegnum samræður og samvinnuverkefni sem ala síðan af sér samkennd og skilning. Leitaraðferðir henta vel til að kynna nemendum vísindaleg vinnubrögð og veita þeim þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Í handbókinni *Litróf kennsluafærðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson má finna margar góðar tillögur að leiðum. Sögunaðferðin er ein af þeim aðferðum sem helst hefur verið notuð í skólanum en ákveðnir rammar fylgja hverjum árgangi sem tengjast kennsluefnii og markmiðum þess árgangs en sögunaðferðin tengist líka sérstöðu skólans t.a.m. í gegnum vettvangsferðir og með henni er auðvelt að nýta upplýsingatækni. Mikilvægt er að þjálfra nemendur í að afla sér upplýsinga, vinna með þær, gera þær að sínum og miðla síðan til annnarra. Sampætting við aðrar námsgreinar s.s. náttúrufræði og íslensku er hentug. Bekkjarfundir vikulega þar sem nemendur þjálfast í að ræða málefni sem tengjast þeim sjálfum, námi þeirra, samskiptum og því hvernig skóla þeir vilja hafa.

Námsferðir sem nemendur í 7. bekk fara í og tengjast samfélagsgreinum:

- Gönguferð að hausti
- Legóferð í nóvember
- Reykir að vori

Námsmat

Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild og mikilvægt að nemandi fái reglulega að vita um stöðu sína í náminu í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda. Mikilvægt er að námsmatið sé fjölbreytt og gefi heildstæða mynd af hæfni nemandans. Það þarf að vera sanngjارت og sýna þekkingu, leikni og hæfni nemandans. Megintilgangur er að kanna stöðu nemenda, nota það til að leiðbeina þeim um námið til að ná markmiðum þess. Metið er á þann hátt að niðurstöður nýtist sem best nemendum, kennurum og foreldrum.

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir og matsgögn sem fyrst og fremst byggja á markmiðum lykilhæfni og haldið er til haga í ferilmöppu nemanda.

Sjálfbærni er eitt af þeim hugtökum sem unnið er markvisst með í tengslum við samfélagsgreinar, þá sérstaklega landafræði og lífsleikni. Hugtakið felur helst í sér að skila jörðinni til næstu kynslóðar á sem byggilegastan hátt. Til þess þurfum við að vekja nemendur til umhugsunar um lifnaðarhætti okkar með gagnrýnum augum, hvað við getum gert betur, og að lítil skref hafa áhrif til góðs.

Landafræði

Í landafræði í 7. bekk er fyrst og fremst unnið með landafræði Evrópu. Leggja skal áherslu á að nemendur geti aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.

Tillögur að námsefni

Evrópa lesbók og vinnubók. Höf: Hilmar Egill Sveinbjörnsson.

Kortabók handa grunnskólum.

Vefslóðir

Námsgagnastofnun. Lönd heimsins. Vefslóð, <https://www1.mms.is/loend/index.php>

Evrópulönd. Vefslóð: <https://is.wikipedia.org/wiki/Flokkur:Evrópulönd>

Saga

Í sögu í 7. bekk er fyrst og fremst unnið með Íslandssögunni er tekið fyrir tímabilið 1550 – 1800. Leggja skal áherslu á að nemendur geti aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum,

Tillögur að námsefni

Ein grjóthrúga í hafinu. Höf: Þorsteinn Helgason.

Sögueyjan 2 – kafli 1 – 5. Höf: Leifur Reynisson

Sjálfstæði Íslendinga 2. Kennslubók í Íslandssögu ásamt vinnubók.

Myndband:

Heilagt stríð í Norðurhöfum – Tyrkjaránið 1627

Menntamálastofnun. Saga Íslands.

Menntamálstofnun. Tyrkjaránið -1. þáttur Náðarkjör, 2. þáttur Fegurð
þjáningarinnar, 3. þáttur Morðengill.

Siðaskiptin

Lífsleikni

Í lífsleikni er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar þar sem byrjað er á að vinna verkefni sem eru listuð í 6 vikna áætlun í *Verkfærakistunni*. Samskipti og félagshæfni eru stór hluti þess að vera í samfélagi við aðra og eru þessir þættir eru þjálfadír og æfðir samkvæmt verkferlum frá KVAN sem er að finna inn á sameign.

Bekkjarfundi er nauðsynlegt að hafa reglulega og meðvitað með nemendum. Tillögur að fyrirkomulagi fyrir slíkra fundi má finna í KVAN verkefnabanka.

Vinna þarf að forvörnum en þær felast í þáttum eins og:

- heilbrigður lífsstíll
- uppeldi til ábyrgðar
- geðrækt
- einelti /heilbrigði
- hreyfing
- svefn
- mataræði
- jafnrétti
- mismunandi fjölskyldugerðir /hinsegin fólk
- fordómar /minnihlutahópar /útlendingar, fatlaðir
- umferðarfræðsla
- hjálmanotkun
- tannvernd
- kynfræðsla
- að standast neikvæðan þrýsting
- tóbaksvarnir
- áfengi /fíkniefni

Tillögur að námsefni

- Verkefnabók KVAN
- Verkfærakistan, Uppeldi til ábyrgðar

Náttúrufræði

Hæfniviðmið

Geta til aðgerða

- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.
- Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.
- Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.
- Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
- Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.
- Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.

Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitir.
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku.

Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið þátt í að að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.
- Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mansins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.
- Tekið þátt og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum i heimabyggð.

Að búa á jörðinni

- Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.

Lífsskilyrði manna

- Lýst samspili lífvera og lífvana þáttu og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu.

Náttúra Íslands

- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.
- Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd.

Heilbrigði umhverfisins

- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.
- Útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.
- Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar.

Markmið

Við lok 7. bekkjar er mikilvægt að nemandi:

- auki færni og getu sína til samvinnu og þrautalausna.
- eflí skilning á því hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði fólks.
- þjálfí vísindaleg vinnubrögð.
- auki skilning sinn á eigin ábyrgð á náttúru og nánasta umhverfi.

Leiðir

Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þemavinna fellur vel að kennslu í náttúrufræði í 7. bekk sem og samþætting við samfélagsfræði og íslensku. Kennsla getur einnig verið í formi umræðna, innlagna og tilrauna. Hópvinna er stærsti þátturinn, en einnig einstaklingsverkefni. Auk aðalnámsefnis er leitað upplýsinga á Netinu, myndbönd notuð, kort og uppflettirit. Mikilvægt er að þjálfa nemendur í að fylgja fyrirmælum (sérstaklega í verklegum æfingum), nemendur þurfa að geta sett sér markmið t.d. með því að búa sér til áætlun og geta metið stöðu sína að áætlun lokinni. Kennsluhættir náttúrufræði fela í sér hópinnu þar sem kurteisi og jákvæðni í samskiptum, ásamt því að leggja sitt af mörkum, tjá sig skilmerkilega og hlusta á aðra er stór þáttur í að leysa verkefni. Nemendur þurfa að þjálfast í að sýna frumkvæði, færa rök fyrir máli sínu og vera skapandi við vinnu og lausn verkefna, en jafnframt gagnrýnin á eigin vinnu og þær upplýsingar sem nýttar eru. Við upplýsingaöflun þarf að nýta mismunandi miðla, geta unnið úr upplýsingunum á gagnrýnnin hátt og miðlað til annarra. Nemendur þurfa að læra að nýta tímann sinn vel og gefast ekki upp þótt verkefnin séu krefjandi. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að nálgast öll verkefni með jákvæðu hugarfari.

Legó – Pemaverkefni

Árlegt þemaverkefni á vegum Háskóla Íslands, sem snýr að náttúrufræði, og samræmist markmiðum Aðalnámskrár. Verkefnið er breytilegt frá ári til árs en í formi leitarnáms. Nemendum er skipt í hópa (8-10 manns í hóp) og þurfa þeir að leita lausna ásamt því að temja sér hópvinnubrögð.

Lífvísindi – þemahefti

Efni sem ýtir undir sjálfstæð vinnubrögð og hugmyndir nemenda á eigin ábyrgð á náttúrunni og nánasta umhverfi.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat. Megin tilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemanda gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum og feli í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra. Sérstök áhersla lögð á vinnubrögð, hópstarf og sjálfsmat.

Tillögur að námsefni:

Grunnefni

- *Auðvitað – heimilið*. Höf: Helgi Grímsson
- *Lífríki á landi*. Höf: Edda Eiríksdóttir, Jenný Karlsdóttir, Þórey Ketilsdóttir og Þorvaldur Örn Árnason

Ítarefni

Pemahefti

- *Blikur á lofti*
- *Geitungar á Íslandi*
- *Hornsíli*
- *Pjóðarblómið holtasóley*
- *CO₂-framtíðin í okkar höndum*.

Erlend tungumál

Enska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum (sbr. Aðalnámskrá). Á yngsta stigi eru flokkarnir færri og samofnir hver öðrum í 1. bekk en þegar ofar dregur fjölgar þeim og þeir eru settir fram í aðskildum flokkum. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild (Aðalnámskrá bls. 132).

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

Hlustun

- hlustað eftir aðalatriðum í texta

- skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti
- fylgt þræði í aðgengilegu fjölmíðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt
- hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur

- lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra
- skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög
- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.

Samskipti

- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar við kennara og samnemendur
- skilið talaða ensku í tengslum við verkefnavinnu, bæði fyrirmæli og leiðbeiningar
- tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal

Frásögn

- sagt frá viðfangsefnum sínum á skýran og skipulegan hátt
- beitt þeim orðaforða sem unnið hefur verið með
- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra
- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum

Ritun

- sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt
- geti skrifað skipulegan og skiljanlegan texta í samfelldu máli
- stafsett algeng orð rétt
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst

- samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín
- skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi t.d. gátlista og fyrirmynna og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda
- lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

Menningarlæsi

- sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra
- sýnt fram á að hann þekki til siða og hefða viðkomandi mála og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu

Námshæfni

- nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit og leitarvélar
- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf tengt viðfangsefnum námsins með stuðningi frá kennara

Málfræði

- beitt nútíð og þátið reglulegra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum, raðtölum og greini
- beitt helstu ábendingarfornöfnum, spurnarfornöfnum og persónufornöfnum
- stigbreytt lýsingarorð
- sett algeng nafnorð í fleirtölu
- beitt ákveðnum og óákveðnum greini

Leiðir

Mikilvægt er að viðhalda áhuga og jákvæðu viðhorfi til tungumálsins með fjölbreyttum kennsluaðferðum, m.a. með því að höfða til áhugasviðs nemenda. Nauðsynlegt er að skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á fjölbreyttan hátt. Hlustun og tal er þjálfað markvisst með samtölum, hlustun á texta, upplestri og fleira. Mikilvægt er að

nemendur læri að nýta sér fjölmög tæki upplýsinga- og samskiptatækninnar. Orðaforðinn og skilningur dýpkaður, unnið með fjölbreytta ritun og málfræði.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat. Megintilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemanda gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum, að það sé heildstætt og að allir þættir námsins séu metnir, má þá ekki undanskilja þann munnlega. Það þarf að fela í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra. Matið byggist jafnt á hæfniviðmiðum, sem eru sett fram í byrjun hverrar annar þannig að nemendum ætti að vera fullljóst að hverju beri að stefna, og svo lykilhæfniþáttunum.

Tillögur að námsefni

Action lesbók og vinnubók A og B

Ensk léttlestrarbók t.d.

- *Anne of Green Gables og Billionaire boy* (samlestur)

Ensk frjálslestrarbók

Dagblöð, tímarit og efni á netmiðlum

Ýmis verkefni frá kennara

Ýmis öpp tengd námsefni

Tónlist

Kvikmyndir/þættir

Danska

Hæfniviðmið

Hlustun

Að nemandi geti:

- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni
- fylgist með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglings og greint frá því helsta

Lesskilningur

Að nemandi geti:

- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum, dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. af myndum
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu

- lesið sér til gagns og gamans einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglings og rætt efni þeirra með stuðningi kennara

Samskipti

Að nemandi geti:

- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

Frásögn

Að nemandi geti:

- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu og umhverfi á einfaldan hátt

Ritun

Að nemandi geti:

- skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, vinum og umhverfi

Menningarlæsi

Að nemandi geti:

- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, svo sem landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða
- sýnt fram að hann áttar sig á að mörg algeng orð í dönsku eru lík og skyld öðrum tungumálum sem hann þekkir

Námshæfni

Að nemandi geti:

- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki
- beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur
- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu,
- tekið þátt í hóp og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- nýtt sér hjálpartæki s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttингaforrit og leitarvélar.

Orðaforði og málfræði

- Líkaminn, fatnaður, litir, fjölskyldan, árstíðirnar, tímaákvæði, heimilið, afmæli o.fl.
- Sagnorð, persónufornöfn, óákveðinn og ákveðinn greini nafnorða, kyn nafnorða, lýsingarorð og spurnarfornöfn.

Leiðir

Mikilvægt er að byggja upp áhugann og jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt og tengt áhugasviði þeirra. Áhersla er lögð á að nemendur nái tökum á grunnorðaforða í dönsku og ákveðnum framburðaratriðum. Nemendur vinna með sama orðaforðann á fjölbreyttan hátt og ná þannig betri tökum á málinu. Fjölbreyttar námsleiðir eru lykilatriði í kennslunni og að tölud sé danska.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat með lykilhæfnipætti að leiðarljósi. Megin tilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemanda gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum og feli í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra.

Tillögur að námsefni

Start og Smart, Grammatik málfræðihefti. Einnig einfaldar lestrarbækur, kvíkmyndir, tónlist, vefefni, ýmis öpp og fleira efni frá kennara.

List- og verkgreinar

Leiklist

Hæfniviðmið

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarför, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta.

Tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins eru mikilvægur hluti af sköpunarferlinu í leiklist. Í listforminu er hið óyrta þó ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs.

Leiklist er list augnabliksins. Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og brenda á nemendum. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hún nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í greinum eins og móðurmáli, samfélagsfræði, sögu og erlendum tungumálum og getur þannig gegnt lykilhlutverki í samþættingu námsgreina og

námssviða. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

Þótt sköpunarferlið sé ekki síður mikilvægt en afurðin í leiklist, er mikilvægt að reglulega gefist tækifæri til þess að hampa afrakstri vinnunnar í formi kynninga og leiksýninga. Þegar allir leggjast á eitt við uppsetningu leiksýningar styrkast stoðir jafnréttis og lýðræðis í skólastarfinu auk þess sem slíkir viðburðir hafa jákvæð áhrif á samkennd nemenda og skólaandann og gefa tækifæri til samstarfs heimilis og skóla (Aðalnámskrá grunnskóla bls. 145-146).

Hæfniviðmið í leiklist koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

Sameiginleg hæfniviðmið sem unnið er með í 5.-7. bekk með því markmiði að við lok 7. bekkjar geti nemandi:

- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar,
- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu,
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína,
- flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd-og líkamsbeitingu,
- sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,
- beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum),
- sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði,
- rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.

Í 7. bekk munu þeir nemendur sem hafa valið leiklist

- þekkja og geta notað allar helstu aðferðir leikrænnar tjáningar
- vera fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótu á leikrænu ferli
- geta í hópi notað stutta leikspuna út frá námsefni
- geta á einfaldan hátt skapað persónur og túlkað viðhorf þeirra til einhvers málefnis
- geta túlkað hlutverk í litlum leikþáttum
- geta túlkað athafnir með látbragði
- geta flutt stutta ræðu úr pontu á áheyrilegan hátt
- geta tjáð skoðanir sínar á ákveðnu málefni

- geta tekið þátt í að skipuleggja leikrænt ferli þar sem rými, hljóð og aðrir möguleikar leikhússins eru nýttir (eftir því sem skólar hafa tök á)
- vera fær um að meta á raunsæjan hátt eigin verk
- geta tekið jákvæðri gagnrýni kennara og félaga
- vera fær um að leggja raunsætt mat á túlkun félaga sinna
- geta sett fram hugmyndir um hvernig má bæta eigin verk og annarra og dýpka innlifun
- gera sér grein fyrir tengslunum á milli þess sem hann er að fást við í skólanum og íslenskrar leikhúsmenningar

Námsmat

Kennari metur lykilhæfni nemenda líkt og í öðrum greinum Grunnskóla Hornafjarðar. Einnig meta nemendur sjálfan sig út frá þessum lykilhæfniþáttum. Í leiklist fá nemendur bókstafi í einkunn og umsögn frá kennara sem miðar að því að byggja upp nemandann til áframhaldandi starfa.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið skv. .Aðalnámskrá í heimilisfræði í kafla 21.10 segir „Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir.“ Grunnskóli Hornafjarðar er heilsueflandi skóli og starfar undir merkjum Grænfánans. Í Heimilisfræðikennslu grunnskólans er tekið mið af þessum stefnum og nemendum kennt að matreiða mat sem er hefur góð áhrif á heilsuna. Markmiðið er að nemendur læri grunnfærni í næringarfræði s.s. þekki fæðuhringinn, þekki næringarefnin og hlutverk þeirra í líkamanum, geti notað næringarefnatöflur og forrit og geti sett saman máltíðir skv. ráðleggingum Lýðheilsustöðvar.

Hæfniviðmið í heimilisfræði skiptast í fjóra flokka og koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

Matur og lífshaettir

- Geti tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Þekki áhrif hollrar fæðu á heilsuna og sérhver einstaklingur ber ábyrgð á eigin fæðuvali.
- Átti sig á mikilvægi hreinlætis á öllum sviðum. Bæði við meðferð og geymslu matvæla.
- Geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.

Matur og vinnubrögð

- Fái þjálfun í að nota algeng eldhúsáhöld og tæki.
- Geti matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.

- Geri sér grein fyrir slysahættum á heimilinu og kunni að varast þær.

Matur og umhverfi

- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni.
- Átti sig á uppruna matvæla.
- Geti skilið einfaldar umbúðamerkingar og metið gæði og útlit matvæla og hvar sé best að geyma þau.

Matur og menning

- Geti tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar hefðir í matargerð.

Heimilisfræði er valáfangi í 7. bekk

Fjöllum um heilsueflingu og heimilislegan mat og nemendur leyfa sköpunargleðinni að njóta sín við að elda einfaldan mat þar sem hollusta og fjölbreytni er í fyrirrúmi. Bökum brauð og girnilegar kökur. Einnig fá nemendur tækifæri til að koma með uppáhalds uppskrift að heiman sem hægt er að vinna úr.

Leiðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, sýnikennslu, umræðna, verklegra æfinga, einstaklingsvinnu og hópvinnu. Nemendur munu nýta sér spjaldtölvur við vinnu sína. Við ræðum um samábyrgð og mikilvægi þess að halda eldhúsínu hreinu.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingmiðað námsmat. Verklegar æfingar eru metnar með símati sem og virkni, hegðun og vinnusemi nemenda. Við gerð á námsmati verður lykilhæfni höfð að leiðarljósi.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Yfirmarkmið í hönnun og smíði koma fram í Aðalnámskrá grunnskóla í kafla 21.11. Sameiginlegt hæfnimarkmið í list og verkgreinum er menningarlæsi. Til viðbótar í hönnun og smíði eru handverk, hönnun og svo tækni og umhverfi. Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 7. bekk eru að nemendur:

- læri að umgangast og nota helstu handverkfæri
- kynnist eiginleikum þess efnis sem unnið er með
- geri sér grein fyrir ferlinu frá hönnun til framleiðslu hlutar
- kynnist einhverri gerð yfirborðsmeðhöndlun
- tileinki sér rétta líkamsbeitingu og hollustuvenjur við vinnu

Leiðir

Kennsluaðferðir eru sem fjölbreyttastar t.d. innlagnir, sýnikennsla, einstaklingsvinna, hópavinna og verklegar æfingar.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat þar sem lykilhæfni er höfð að leiðarljósi.

Hver hlutur sem nemandi lýkur er metinn til einkunnar (50%). Símat er í gangi allan námstímann. Þar metur kennari eftirfarandi þætti: Ábyrgð, Samstarf/Sjálfstæði, Dugnað/Prautseigju, Sköpun (40%).

Hver nemandi metur sjálfan sig skriflega í lok námstímans út frá : Ábyrgð, Samstarfi/Sjálfstæði, Dugnað/Prautseigju, Sköpun. (10%)

Tillögur að verkefnum

- Nemendur stíga sín fyrstu skref í glerskurði, smíða brjóstnælu, kertastjaka, skál og
- Mosaík lampi
- Nemendur fá frjálsar hendur í hönnun verkefna í samráði við kennara.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Sameiginlegt hæfnimarkmið í list og verkgreinum er menningarlæsi. Til viðbótar í textílmennt eru eftirfarandi: handverk, aðferðir og tækni; sköpun, hönnun og útfærsla; menning og umhverfi.

Sameiginlegt hæfnimarkmið í list og verkgreinum er menningarlæsi. Til viðbótar í textílmennt eru eftirfarandi: handverk, aðferðir og tækni; sköpun, hönnun og útfærsla; menning og umhverfi.

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 7. bekk eru að nemendur:

- læri að taka mál, sníða og sauma einfalda flík
- öðlist færni í að skreyta flík á persónulegan hátt
- noti fagbækur
- vinni sjálfstætt og sýni frumkvæði
- skipuleggi eigið vinnuferli; skrifleg vinnuáætlun og skissur að verkefni
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum
- geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í handverki
- geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni.
- geri sér grein fyrir vinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnum hlut
- þjálfist í að meta eigin verk

Textílmennt er valáfangi í 7-8. bekk. Eftirfarandi valáfangi er kenndur:

Textílmennt - fatasaumur

Í þessari smiðju verður lögð áhersla á fatasaum, endurnýtingu, útsaum og hekl. Nemendur fá innsýn í þessar aðferðir og vinna verkefni úr þeim. Bæði verður um skylduverkefni og ræða og val nemenda.

Leiðir

Beytt er fjölbreyttum kennsluaðferðum s.s. samvinna, einstaklingvinna, sýnikennsla og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsmat

Símat er notað við umsögn nemandans, þar sem lykilhæfnin er höfð til hliðsjónar. Við mat í textíl er allt ferlið skoðað en ekki eingöngu lokastykkið.

Sjónlistir- Myndmennt

Í Grunnskóla Hornafjarðar er áhersla á list og verkgreinar. Megintilgangur með því námi er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Jafnvægi á milli bóklegra greina og verklegra gefur nemendum jafnari tækifæri á að finna hæfileikum sínum farveg.

Í myndmennt gefst kennara tækifæri til að samtvinna myndmenntakennsluna með öðrum kennslugreinum. T.d. er gott að æfa heiti litanna á öðrum tungumálum en íslensku, nota stærðfræðihugtök við myndgerð, hálf, heilt, hluta... Auðvelt er að nota bókmennatexta og ljóð til að kynna nemendum með það verkefni að þau myndskreyti eða túlki textann.

Öll markmið sem unnið er með í bekkjarnámskrá koma fram í kafla 21.2 og 21.6 í *Aðalnámskrá Grunnskóla* sem aðgengileg er inn á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Hæfniviðmið

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 7. bekk eru að nemandi geti:

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast
- Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun
- Unnið hugmynd frá skissu að lokaverkefni
- Pekkt ýmsar stefnur myndlistar

Leiðir

Unnið er með margvíslegar kennsluaðferðir. Munnleg innlögn verkefna. Sýnikennsla. Einstaklingskennsla. Umræður. Áhersla er lögð á sjálfstæði og sköpun nemenda. Byggt er á og unnið með grunnþætti myndlistar og tækni sem nemendum hefur verið kynnt í gegnum myndmenntakennslu fyrri ára. Einnig eru kynntar nýjar aðferðir við myndgerð. Fjallað um ljótt/fallegt og hvernig það er ekki til rétt og rangt í þeim eftir. Rök fyrir skoðun eru nauðsynleg þegar fjallað er um list.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni er höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru vandvirkni, sjálfstæði, iðni og sköpun. Eins eru verkefnin sjálf metin og umgengni.

Tillögur að námsefni/verkefnum

Fjarvídd, húsaverkefni.

Fjölfelldi – pop list.

Blindteikning, litafræði.

Litafræði, lokahnykkurinn, frjáls 12 lita hringur eða túlkun. Litaruna.

Grafík, dúkrista.

Erró, klippimynd.

Leir, brjóstmynd, skrípakall. Frjálst verkefni.

Kolamyn dir, andlit.

Upplýsinga- og tæknimennt - Nýsköpun og tölvur

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamenn, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemandi þarf að þekkja helstu leiðir að öruggum netsamskiptum og standa vörð um gott siðferði í öllu námi.

Lögð er áhersla á að nýta fjölbreytt gögn, s.s. bækur, búnað, tölvur og margvíslegan hugbúnað til þekkingaröflunar, sköpunar og miðlunar.

Hæfniviðmið

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 7. bekk er að nemandi geti:

- Vinnulag og vinnubrögð
 - Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
 - Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
 - Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
 - Beitt réttri fingrasetningu.
 - Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla
 - Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
 - Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
 - Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
 - Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
 - Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.
- Tækni og búnaður
 - Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
 - Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.
 - Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.
- Sköpun og miðlun
 - Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
 - Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.
- Siðferði og öryggismál
 - Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
 - Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gegnum xxnotendanafn@skolapostur.is. Í gegnum margvísleg verkefni öðlast nemendur færni í að nýta sér þennan notendaheim. Einnig bjóða I-pad og I-mac tölvur upp á margvíslega möguleika til sköpunar í margskonar verkefnum. Nemendur öðlast færni í notkun margvíslegra forrita og finna leiðir til að samnýta mismunandi öpp við úrlausnir verkefna.

Leiðir

Unnið er með margvíslegar kennsluaðferðir. Í grunninn eiga nemendur að kynnast þeim tölvum, öppum og verkfærum sem skólinn leggur áherslu á og notar til að nálgast markmiðin. Þarna er átt við lausnir eins og Google heimurinn býður uppá og notendaviðmótið sem opnast með því að nemendur fá aðgang að skýjalausnum gegnum xxnotendanafn@skolapostur.is. Í gegnum margvísleg verkefni öðlast nemendur færni í að nýta sér þennan notendaheim. Einnig bjóða I-pad og I-mac tölvur upp á margvíslega möguleika til sköpunar í margskonar verkefnum. Nemendur öðlast færni í notkun margvíslegra forrita og finna leiðir til að samnýta mismunandi öpp við úrlausnir verkefna.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni er höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru þrautsegja, sjálfstæði, iðni og sköpun. Eins eru verkefnin sjálf metin og samvinna.

Tillögur að námsefni/verkefnum

- Margvísleg ritunarverkefni í google doc
- Sjálfsmýnd í google drawings
- Kynning á ákveðnu viðfangsefni í google slides
- Forritun í gegnum keynote
- Forritun í gegnum google slides
- Forritunaröpp - Codespark, Code.org, Move the box ofl.
- Green screen verkefni

Fab lab hönnunarsmiðja

Nemendum í 7.-10.bekk gefst kostur á að fara í fab lab hönnunarsmiðju sem rekin er af sveitarféluginu. Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur nemendum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Við það að kynnast tækjabúnaði smiðjunnar fá nemendur innsýn í hvernig hægt er að hanna og framleiða hluti í heimabyggð ásamt því hvernig hægt er að endurnýta hluti með sjálfbærni að leiðarljósi.

Hæfniviðmið

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í smiðjunni er að nemandi geti:

- Hönnun og smiði
 - Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
 - Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.
 - Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
 - Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.
 - Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval.
 - Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.
- Menningarlæsi
 - Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
 - Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.

- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla
 - Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
 - Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmíðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Tækni og búnaður
 - Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Sköpun og miðlun
 - Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Leiðir

Unnið er með margvíslegar kennsluaðferðir. Í grunninn eiga nemendur að kynnast þeim tækjum, forritum og verkfærum sem til staðar eru í fab lab aðstöðu sveitarfélagsins. Þarna er átt við tæki eins og laser- og vínylskera, þrívíddarprentara viðarfræsara og iðntölvum. Nemendur fá aðgang að skýjalausnum í gegnum bæði dropbox og google drive til að halda utan um bæði námsefni og vinnu sína. Nemendur hanna afurðir í hverju tæki fyrir sig og kynnast þeim forritum sem mest er notuð í tengslum við tækin t.d Inkscape og Autodesk fusion.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni og hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru þrautsegja, sjálfstæði, iðni og sköpun.

Tillögur að námsefni/verkefnum

- Námsefni af fablab ísland á youtube
- Inkscape kennsluefni frá kennara
- Verkefnahefti um forritun á arduino iðntölvum
- Verkefni í laser og vínylskera
- Verkefni í autodesk fusion
- Verkefni í viðarfræsara

Skólaíþróttir og sund

Íþróttir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þessir þættir eru:

- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
- Félagslegir þættir
- Heilsa og efling þekkingar
- Öryggis og skipulagsreglur

Hér að neðan eru svo markmiðin sem fylla þessa fjóra flokka.

Þau markmið sem megin áhersla er lögð á í 7. bekk eru að nemendur:

- þjálfist í samhæfingu einfaldra hreyfinga og geti tengt þær saman í eina heild.
- taki þátt í fjölbreyttum leikjum og æfingum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og tengingu við aðra þroskaþætti.
- nái valdi á undirstöðuatriðum ólíkra íþróttagreina.
- taki þátt í æfingum og leikjum sem bæta líkamshreysti og þrek, auka þol og styrkja hjarta og æðakerfið.
- meti eigið þrek og líkamshreysti t.d. með því að taka stöðluð próf.
- þjálfist í æfingum og leikjum sem stuðlað að bættum liðleika og réttri líkamsbeitingu.
- taki þátt í æfingum og leikjum þar sem þeir læra að vinna með öðrum, tileinka sér háttvísí í leik og starfi og læra að taka sigri jafnt sem ósigri.
- geti gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífernис fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttu og sundiðkun.

Leiðir

Kennsla fer fram í íþróttasal, Bárunni og úti á íþróttavelli. Leitast er við að ná til allra með einum eða öðrum hætti með markvissum æfingum og leikjum. Ýmsar kannanir verða gerðar á líkamsástandi nemenda, s.s. hreyfibroska-, þol- og liðleikapróf.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá lykilhæfni á fyrstu og annari önn. Á þriðju önn er gefið lokamat og einkunn. Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat.

Eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar við einkunnargjöf:

- hvernig tekur nemandi til sögn kennara.
- hvernig er ástundun, virkni og vinnusemi nemandans.
- hvernig tekur nemanda að vinna með reglur og samskipti við aðra.

Við námsmat gildir hegðun, ástundun og virkni.

Tillögur að námsefni

Æfingar og leikir með ýmsum áhöldum, helstu íþróttareinar og Glíma - þjóðaríþrótt Íslendinga.

Sund

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þessir þættir eru:

- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
- Félagslegir þættir
- Heilsa og efling þekkingar
- Öryggis og skipulagsreglur

Hér að neðan eru svo markmiðin sem fylla þessa fjóra flokka.

Þau markmið sem megin áhersla er lögð á í 7. bekk eru að nemendur:

- fái aukna þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tengingu þeirra í eina heild.
- nái tökum á fjölbreyttum hreyfingum í vatni.
- nái tökum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 25m bringusundi, 25 m skólabaksundi, 25 m baksundi og 8 m kafsundi.
- nái góðum tökum á stungu af bakka.
- tileinki sér helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni og beitt helstu atriðum skyndihjálpar og endurlífgunar.
- Pjálfist í sundaðferðunum.

Leiðir

Sundkennsla fer fram í sundlaug Hafnar.

Kennsla fer þannig fram að kennari miðlar þekkingu með undirstöðuatriðum hverrar sundaðferðar þ.e.a.s. sýna, æfa, leiðbeina og endurtaka.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá lykilhæfni á fyrstu önn og á annari önn ef þurfa þykir. Á þriðju önn er gefið lokamat og einkunn. Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat.

Eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar við einkunnargjöf:

- hvernig tekur nemandi tilsögn kennara.
- hvernig er ástundun, virkni og vinnusemi nemandans.
- hvernig tekst nemanda að vinna með reglur og samskipti við aðra.
- Framfarir og þrautseigja.

Tillögur að námsefni

Æfingar og leikir með ýmsum áhöldum. Skólasund (kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1.-10. bekk.